

Breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu  
Mál nr. 153/2022  
Birt: 23.09.2022  
Dómsmálaráðuneytið

Reykjavík, 7. september 2022

### **Athugasemdir Siðmenntar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993 (reikningshald Kirkjugarðasjóðs o.fl.)**

Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi, fagnar því að verið sé að endurskoða fyrirkomulag er varða stjórnun og starfshætti við rekstur grafreita á Íslandi. Þó hafa fulltrúar félagsins ákveðnar efasemdir um fyrirhugaðar breytingar og áskilja sér rétt til að gera eftirfarandi athugasemdir:

#### **Reikningshald kirkjugarðasjóðs**

Það er jákvætt að reikningshald Kirkjugarðasjóðs sem biskupsstofa annast nú verði flutt til kirkjugarðaráðs enda hefur Ríkisendurskoðun bent á þetta áður. Siðmennt fagnar því að tekið hafi verið tilliti til efasemda um að birting reikninga Kirkjugarðssjóðs á lítt uppfærðan vef væri til bóta.

#### **Bálfarafélag Íslands**

Sú tillaga að koma í veg fyrir að félagasamtökunum Bálfarafélag Íslands, sem störfuðu frá 1934 til 1964, áttu veg og vanda að undirbúningi og stofnun bálstofu í Fossvogi og lögðu rekstur í hendur Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma (hér eftir nefnt KGRP), sé gert kleift að tilnefna stjórnarmann í KGRP, á þeim tímamarki þar sem verið er að endurreisa þau samtök aftur, er með öllu óviðeigandi. Nú hefur verið sýnt frumkvæði í því að koma starfsemi félagsins á laggirnar aftur. Það frumkvæði ber að virða og fagna því að það finnist áhugasamt fólk til að láta sér þetta málefni varða. Það er lýðræðislegt og ánægjulegt að almenningur hafi áhuga á að taka þátt í þeirri stefnumótun sem er á höndum KGRP.

#### **Fyrirkomulag Kirkjugarðaráðs**

Siðmennt vill þó nota þetta tækifæri og koma því á framfæri að fulltrúum félagsins þykir mjög óeðlilegt að fulltrúi biskupsstofu hafi formennsku í ráðinu. Slíkt verkefni ætti frekar að vera á borði óháðs ráðs eða stofnunnar, en ekki undir forystu fulltrúa eins lífsskoðunarfélags. Siðmennt leggur til við dómsmálaráðherra að fyrirkomulagi um val í kirkjugarðaráð verði breytt til að endurspeglar breyttar félagslegar aðstæður. Reglur fyrir Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma nr. 775/2015 (með breytingum nr 875/2021 frá 18. júlí 2021) hafa t.d. tekið á þessari breyttu þjóðfélagsskipan og endurspeglar betur þær breytingar sem orðið hafa á trú- og lífsskoðunarmálum þjóðarinnar með því að opna fyrir aðkomu annarra félaga en aðeins Þjóðkirkjunnar að málefnum og rekstri grafreita (sjá 4. gr. lið B laga nr.775/2015 ). Að mati Siðmenntar ætti ráðið að vera óháð trú- og lífskoðunarfélögum, eða að öðrum kosti opna

á aðkomu annarra lífsskoðunarfélaga að þessu ráði og lýsir lífsskoðunarfélagið Siðmennt sig tilbúið til að skipa fulltrúa í ráðið.

### **Fjárhagslegur- og stjórnunarlegur aðskilnaður KGRP og bálstofu**

Siðmennt óskar eftir við dómsmálaráðherra að hann leggi fram tilmæli til stjórnar KGRP að alger rekstrar- og stjórnunarlegur aðskilnaður verði gerður á starfsemi KGRP annarsvegar og rekstri bálstofu hinsvegar. Starfsemi bálstofu er að mati Siðmenntar ekki eitt af lögboðnum verkefnum KGRP um umsjón og hirðu grafreita látinna og ætti því ekki að vera rekin með annarri lögboðinni starfsemi. Rekstur bálstofu á mikið meira skylt við útfararþjónustu heldur en rekstur grafreita og gæti hæglega verið rekin af einkaaðilum. Mikilvægt er því að það sama gildi um rekstur bálstofu og aðra útfararþjónustu og að þessi starfsemi verði aðskilin frá rekstri KGRP. Það væri að fullu í samræmi við hæstaréttardóm nr. 156/1997 frá 9. október 1997 um brot KGRP á samkeppnislögum en þar segir m.a. að....”*Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma séu skilgreindir sem sjálfseignarstofnun að lögum. Engu að síður hafa þeir lögbundin verkefni og lögmæltar tekjur. Kirkjugarðarnir verða því að teljast opinbert fyrirtæki í skilningi samkeppnislaga*” og einnig... ”*að reki kirkjugarðsstjórnir útfararþjónustu, skuli sú starfsemi og fjárhagur henni tengdur vera algerlega aðskilin frá lögboðnum verkefnum kirkjugarðsstjórnarinnar*” og einnig... ”*verður þetta ekki á annan veg skilið en ákvæðið styðji ákvörðun samkeppnisyfirvalda um þann stjórnunarlega aðskilnað*” (Sjá dóm hæstaréttar hér: [https://www.samkeppni.is/media/haestirettur/Kirkjugardar\\_Reykjavikurprofastdae\\_ma\\_gegn\\_Samkeppnisradi\\_Domur\\_156-1997.pdf](https://www.samkeppni.is/media/haestirettur/Kirkjugardar_Reykjavikurprofastdae_ma_gegn_Samkeppnisradi_Domur_156-1997.pdf))

### **Grafreitir í stað “kirkjugarðs”**

Siðmennt leggur til við dómsmálaráðherra með hætt verði að nota orðið „kirkjugarður“, enda hafi það óþarfa skírskotun í tilbeiðsluhús ákveðinna trúarbragða og leggur félagið til að þess í stað sé notað orðið „grafreitir“ í öllum lögum og reglugerðum er varðand grafreiti.

Fyrir hönd stjórnar Siðmenntar,  
Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir Straumland, formaður  
Sigurður Rúnarsson, ritari og fulltrúi félagsins í stjórn KGRP